

Samantekt á erindi Sigurðar Ragnarssonar sem fjallaði um þjónandi forystu með sérstakri áherslu á siðferði

Grunnur þjónandi forystu er samfélag (e. community), vald (e. power) og framsýni (e. foresight) eða það að sjá fram á veginn. Það eru auðvitað mörg önnur lykilatriði í þjónandi forystu en þessir þrjú þættir mynda ákveðinn grunn. Samfélag þar sem þjónandi forysta er ríkjandi þarf að byggja á gildum þjónandi forystu og allir meðlimir samfélagsins þurfa að fylgja hugmyndafræðinni og vinna með öðrum samkvæmt henni. Í þjónandi forystu er vald notað sem verkfæri (e. tool) og er beitt þegar þess er þörf, en þó með ákveðnum hætti og með sanngirni að leiðarljósi. Þjónandi leiðtogi beitir ekki þvingunarvaldi heldur stuðlar að valddreifingu og hefur áhrif með því að vera góð fyrirmynd ásamt því að sannfæra aðra með rökum og með dæmum. Framsýni er síðan eitt af því sem greinir á milli stjórnanda og leiðtoga.

Að geta mótað framtíðarsýn og stefnu er gríðarlega mikilvægt og felur í sér siðferðilega ábyrgð. Robert Greenleaf lagði þetta upp með þeim hætti að þjónandi leiðtogar væru sagnfræðingar, samfélagsrýnendur og spámenn. Þeir rannsaka s.s. fortíð og nútíð til að segja til um framtíðina. Með því öðlast þeir þekkingu og reynslu og nota síðan innsæi sitt til að iðka framsýni. Þess vegna er um það að ræða að leiðtogar nota innsæi sitt til að brúa bilið á milli nútíðar og framtíðar. Leiðtogum ber siðferðileg skylda til að iðka framsýni því þeir bera ábyrgð á að sjá fyrir ákveðnar afleiðingar. Dæmi: Hvað gerist ef við tökum þessa ákvörðun? Hvað gerist ef við gerum þetta svona eða hinsegin? Þess vegna er siðferðilega rangt að reyna ekki að sjá fram á veginn varðandi það hvaða afleiðingar ákvarðanir okkar hafa. Þegar ákvarðanir eru teknar þarf alltaf að taka siðferði með í reikninginn. Það er því lykilatriði að það er ekki hægt að fjalla um forystu án þess að skoða siðferðilega þætti. Leiðtogar leiða fólk og bera ábyrgð á fólki, verkefnum, skipulagsheildum o.s.frv. Siðferði tengist forystu m.a. vegna þess að leiðtogar hafa áhrif á gildismat skipulagsheilda og vegna þess að þeir hafa áhrif á fylgjendur, sem þurfa að geta treyst leiðtogum sínum.

Í tengslum við forystu þá snýst siðferði um það sem leiðtogar gera og hverjir leiðtogar eru. Hvað gera þjónandi leiðtogar? Fyrst og fremst þá iðka þeir hugmyndafræði þjónandi forystu og það þýðir m.a. að þeir iðka ákveðinn lífsstíl. Þessi lífsstíl nær bæði til starfslífs og persónulegs lífs. Þetta þýðir að hegða sér með sama hætti, bæði í starfi og í leik, og fylgja þar með sömu gildum og viðmiðum öllum

stundum. Þetta er mikilvægt vegna þess að það undirstrikar trúverðugleika viðkomandi en ekki er trúverðugt að hegða sér t.d. vel í starfi en síðan illa í einkalífi. Þjónandi leiðtoga hegða sér því siðferðilega rétt í sama hvaða hlutverki þeir eru. Hér skiptir miklu máli að þeir eru ákveðin fyrirmynd og til að geta verið fyrirmynd hins þjónandi leiðtoga þá er þetta nauðsynlegt.

En hverjir eru eiginleikar þjónandi leiðtoga? Það má tína til marga eiginleika sem eru einkennandi fyrir þjónandi leiðtoga en samkvæmt rannsóknum mínum hingað til sýnist mér að það sem við köllum auðmýkt (e. humility) sé eitt af því sem standi upp úr. Það að berja sér ekki á brjóst og hugsa ekki meira um eigin hag en annarra. Dæmi um leiðtoga sem iðka auðmýkt eru manneskjur sem eigna sér ekki verk eða sækjast ekki eftir hrósi á kostnað annarra. Svona leiðtoga vilja að aðrir njóti sannmælis og vilja ekki upphefja sig á kostnað annarra. Þjónandi leiðtoga vilja ekki vera á sér stalli og telja sig ekki öðrum æðri.

Það þarf mikið hugrekki til að sýna auðmýkt og iðka gott siðferði en hugrekki viðfangsefni þessa erindis og þó mikilvægt sé verður það að bíða betri tíma!